

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Eyja 1.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 5. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Eyja 1. Breytingin gengur út á að skilmálum er breytt fyrir lóð Flekkudalsvegur 12 þar sem skilmálar um þakhalla breytast úr 20-45° í 14-45°. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 7. október 2025.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 17. nóvember 2025.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 1. desember 2025